

6. gr.

Aldrei má skerða höfuðstól sjóðsins en vaxtatekjur skulu notaðar til láns og styrkveitinga, allt að 70% ársvöxtum hverju sinni. Ekki minna en 30% vaxtatekna skal varið til eflingar höfuðstóls. Nemi úthlutun ekki 70% ársvaxta eða ekki er um úthlutun úr sjóðnum að ræða leggjast ársvextirnir við höfuðstól hans, eða verða meðhöndlaðir samkvæmt 5. gr. skipulagsskrárinnar.

7. gr.

Þeir sem rétt hafa til úthlutunar úr sjóðnum eru aðalfélagar Blindrafélagsins. Hver sá sem hyggur á nám við viðurkennda skólastofnun eða iðngrein getur sótt um til sjóðsins. Heimilt er í sjóðstjórn að ákveða hverju sinni, að allt að $\frac{1}{3}$ hluta af lánsúthlutun sé í formi styrkjar. Umsóknir skulu berast sjóðnum fyrir 1. maí ár hvert.

8. gr.

Vextir af lánum skulu vera alm. sparisjóðsvextir og skulu tveir sjálfskulda-ábyrgðarmenn rita á skuldaviðurkenningu lánþega. Lán skulu endurgreiðast á þrem árum, með fyrsta gjalddaga 6 mán. eftir að umsækjandi hefur lokið námi.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega samkvæmt þeim reglum sem gilda um birtingu á reikningum opinberra sjóða.

10. gr.

Sjóður þessi er stofnaður vegna óska arfleiddanda, Guðmundar heitins Guðjónssonar, um að fjármunum þessum verði varið til eflingar menntunar sjónskertra og blindra félagsmanna Blindrafélagsins.

11. gr.

Sjóðstjórn getur breytt skipulagsskrá þessari enda sé hún einhuga um breytinguna.

12. gr.

Leita skal samþykkis forseta Íslands á skipulagsskrá þessari. Ákveðið er að leita eftir samþykkt Dómsmálaráðuneytisins fyrir skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19. apríl 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hermanns Haraldssonar frá Heiðarseli, S-Þingeyjarsýslu.

Hermann Haraldsson fæddist að Heiðarseli í Bárðdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu, 22. ágúst 1901 og andaðist í Reykjavík 15. nóvember 1977. Hann átti ekki niðja, en lét eftir sig nokkrar eignir, og hafa systkini hans, sem á lífi eru, ákveðið að verja hluta af þeim til stofnunar þessa styrktarsjóðs, að ósk hins látna. Hermann

fékk lómunarveiki á unga aldri og átti við langvarandi vanheilsu að stríða. Það var einlæg ósk hans að verða lömuðum og fötluðum að liði.

Systkini hins látna eru Sigurður Haraldsson, Sigrún Haraldsdóttir, Ingi Haraldsson, Dagur Haraldsson og Valgerður Haraldsdóttir.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hermanns Haraldssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lömuð og fötluð börn til lækninga og endurhæfingar.

3. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörslu þriggja manna sjóðstjórnar. Hana skipa formaður stjórnar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem er formaður, yfirlæknir endurhæfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og eitt af systkinum hins látna, meðan þau óska eftir, en að þeim frágengnum maður kjörinn af stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Fyrstu sjóðstjórnina skipa Friðfinnur Ólafsson formaður stjórnar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Guðný Danielsdóttir, yfirlæknir endurhæfingarstöðvar félagsins og Ingi Haraldsson bróðir hins látna.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er í verðtryggðum spariskírteinum samtals að verðmæti í apríl 1978 um kr. 2 270 000.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls í verðtryggðum spariskírteinum, eftir því sem við verður komið, en afganginn skal hafa á vaxtaaukareikningi.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal sjóðstjórnin árlega birta ársreikninginn endurskoðaðan af tveim endurskoðendum, kjörnum af félagsstjórn, í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Fyrsta starfsár sjóðsins skal leggja allan verðmætaauka hans við höfuðstól, en eftir það skal árlegt styrktarfé til ráðstöfunar vera $\frac{2}{3}$ hlutar af verðmætisauka, en $\frac{1}{3}$ hluta skal leggja við höfuðstól.

Komi það fyrir eitthvert ár að enginn eða ekki fullur styrkur sé veittur úr sjóðnum, ákveður sjóðstjórn, hvort hið óráðstafaða fé skuli lagt við höfuðstól eða því bætt við úthlutun næsta árs eða næstu ára.

6. gr.

Sjóðstjórn skal eftir föngum kynna sér, hverjir þurfi mest á styrk að halda, þar á meðal með því að auglýsa eftir umsóknum. Að jafnaði skal auglýsa eftir umsóknum í janúar og úthluta í mars ár hvert. Við úthlutun skal jafnan fara eftir því, hvar þörfin er mest. Sjóðstjórn ákveður tölu styrkþega hverju sinni.

7. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og með öðrum ráðum, er sjóðstjórn **telur heppileg.**

8. gr.

Sjóðstjórn getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.